



International Expansion Committee

Að loknu hverju alþjóðáþingi velur alþjóðáforseti einn fulltrúa frá hverju svæði (region) í International Expansion Committee eða útbreiðslunefnd til tveggja ára í senn.

Hlutverk nefndarinnar er:

1. Að standa fyrir kynningu á samtökum DKG í þeim löndum sem ekki eiga aðild að samtökunum og standa straum af kostnaði við stofnun deildar í nýju landi
2. Að styðja og styrkja þau landssambönd sem þurfa á aðstoð að halda t.d. varðandi starfsemi innan deilda eða eflingu á annan hátt.

Vegna þessa hlutverks er nefndinni úthlutað ákveðnu fjármagni á fjárhagsáætlun samtakanna og er það ýmist notað til að standa straum af stofnun nýs landssambands eða til að deila niður á þau landssambönd sem standa illa og þurfa aðstoð, t.d. með því að senda fulltrúa til að vinna með landssambandsstjórn viðkomandi lands/ríkis eða veita fjármagn til að styrkja fulltrúa til að taka þátt í svæðisþingi eða alþjóðáþingi.

Á síðasta kjörtímabili var Japan tekið inn í samtökin með yfir 60 konum og var það langt og mikið átak, en hvert inntökutímabil getur tekið 2-4 ár. Ósk um inngöngu þarf að berast nefndinni frá ábyrgum aðila í viðkomandi landi og síðan þarf að skoða þá umsókn til að kanna hvort hún byggist á traustum grunni og að rétt sé staðið að henni. Síðan hefst söfnun væntanlegra félaga o.s.frv. Nú hefur borist fyrirspurn frá Póllandi sem verið er að skoða.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var ákveðið hvaða lönd fá styrk á þessu ári en það eru þau lönd sem hafa misst flesta félaga og eiga í erfiðleikum með rekstur.

Markmið nefndarinnar fyrir 2012 – 2014 eru á heimasíðu DKG undir nefndir – expansion. Þar er einnig hægt að lesa um það ferli sem þarf að fara eftirvið inntöku, sjá *Guidelines for International Expansion Process*.

Ég hvet ykkur eindregið til að kynna ykkur þessi gögn.

Fulltrúi hvers svæðis setur upp upplýsingaborð (Info Fair) á hverju svæðisþingi og verður okkar í Amsterdam í ágúst en síðan verður nefndin með sameiginlegan kynningarfund/vinnufund (workshop) á alþjóðáþinginu í Indianapolis 2014.

Hertha W. Jónsdóttir, fulltrúi Evrópusvæðis í IEC

